

☒ Re: FW: Umsókn um ræktun á beltispara í Hvalfirði - Beiðni um umsögn

Búið til	31.3.2022 15:08:47
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	31.3.2022 15:08:46
Tilheyrir	📁 202203-0009 - Umsókn um ræktun á beltispara í Hvalfirði - Beiðni um umsögn

Efni

Re: FW: Umsókn um ræktun á beltispara í Hvalfirði - Beiðni um umsögn

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	31.3.2022 15:08:46	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	asa@hev.is

Innihald

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202203-0009.

Afsakið hvað erindinu eru svarað seint en að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands er þörf á frekari upplýsingum um verklag við áætlaða ræktun á beltispara til að geta veitt umsögn um leyfisveitinguna.

Fylgdu erindi umsækjenda ekki lýsingar á hvernig ræktunin og nýtingin muni fara fram á áætluðum ræktunarsvæðum? Hvernig fer t.d. uppskeran fram og hvaða starfsemi á landi fylgir því þegar línur eru lagðar út og þarinn skorinn?

Varðandi þau ræktunarsvæði sem eru lögð til þá er það rétt sem kemur fram í umsögn Umhverfisstofnunar að Hvalfjörður er í tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands að framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár. Svæðið er tilnefnt vegna fjöruvistgerða, fugla og sela. Ræktunarsvæðin við Hvammsós og Hálsnes eru innan marka svæðisins sem tilnefnt er. Hver áhrif ræktunarinnar á t.d. fuglalíf geti orðið er erfitt að segja til um nema með frekari lýsingu á verklagi. En ef ræktuninni fylgir mikið umstang bæði við ræktunarsvæðin og á landi í nágrenni þeirra er hættu á að t.d. fuglalíf geti orðið fyrir truflunum. Eins og áður segir skortir frekari upplýsingar til að geta lagt mat á það.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Ása Hólmarsdóttir" <asa@hev.is>
To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC:
Subject: FW: Umsókn um ræktun á beltispara í Hvalfirði - Beiðni um umsögn
Date: 7.3.2022 11:23:39

Góðan daginn.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands sendir hér með Náttúrufræðistofnun Íslands meðfylgjandi umsókn um ræktun á beltispara í Hvalfirði til umsagnar/álits.

Starfsmaður Umhverfisstofnunar benti HeV á að rétt væri einnig að bera feril leyfisveitingar undir Náttúrufræðistofnun, eins og sjá má í tövlupósti hér fyrir neðan.

Með kveðju

Ása Hólmarsdóttir
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
Innrimel 3, 301 Akranes
Símar 4312740, 8981347

From: Sverrir Aðalsteinn Jónsson <sverrir.jonsson@umhverfisstofnun.is>
Sent: föstudagur, 4. mars 2022 10:42
To: Ása Hólmarsdóttir <asa@hev.is>
Cc: Hlín Gísladóttir <hlin.gisladottir@umhverfisstofnun.is>; Steinar Rafn Beck Baldursson <sbeck@umhverfisstofnun.is>
Subject: Re: Umsókn um ræktun á beltispara í Hvalfirði - Beiðni um umsögn

Góðan dag.

Umhverfisstofnun geri ekki athugasemd við að heilbrigðisnefndin leyfi ræktun á beltispara í Hvalfirði en telur ekki rétt að leyfið sé ótímabundið. Hins vegar fær stofnunin ekki séð undir hvaða lið í IV. viðauka laga nr. 7/1998 starfsemin gæti fallið.

Stofnunin bendir einnig á að Hvalfjörður er í tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands að framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár og væri því ef til vill rétt að bera leyfisveitinguna undir Náttúrufræðistofnun.

Bestu kveðjur, Best regards

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Teymisstjóri
Teymi starfsleyfa og umsagna

From: "Ása Hólmarsdóttir" <asa@hev.is (mailto:asa@hev.is)>
To: "Umhverfisstofnun" <ust@ust.is (mailto:ust@ust.is)>; "mast@mast.is (mailto:mast@mast.is)" <mast@mast.is (mailto:mast@mast.is)>; "hafogvatn@hafogvatn.is (mailto:hafogvatn@hafogvatn.is)" <hafogvatn@hafogvatn.is (mailto:hafogvatn@hafogvatn.is)>; "samgongustofa@samgongustofa.is (mailto:samgongustofa@samgongustofa.is)" <samgongustofa@samgongustofa.is (mailto:samgongustofa@samgongustofa.is)>; "kjos@kjos.is (mailto:kjos@kjos.is)" <kjos@kjos.is (mailto:kjos@kjos.is)>
CC: "Heilbrigðiseftirlit Vesturlands" <eftirlit@hev.is (mailto:eftirlit@hev.is)>
Subject: Umsókn um ræktun á beltispara í Hvalfirði - Beiðni um umsögn
Date: 2.3.2022 13:41:51

Til :

Umhverfisstofnunar
Hafrannsóknarstofnunar
Samgöngustofu
Matvælastofnunar
Kjósarhrepps

Komið þið sæl.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands biður um umsögn ykkar vegna umsóknar Útgerðarfélagssins Lokinhamra ehf kt. 44040416-0390, um ræktun þara á línu í Hvalfirði, að sunnanverðu.

Meðfylgjandi er umsókn frá umsækjanda, kort með staðsetningu ræktunarsvæða, og upplýsingar um hnit ræktunarsvæðanna.

Í fylgigögnum með umsókn kemur m.a fram:

„ Tegundin sem verður ræktuð er **Beltispari og áætlum við að rækta um 10 tonn árlega í tilraunarfasa.** Við erum búnir að minnka svæðið töluvert frá upphaflegu umsókninni skv. spjalli við þig.

Við viljum skoða þrjá mismunandi staði í firðinum til að byrja með, til að sjá hvar er hentugast er að leggja út línur til ræktunar á þara m.t.t. umhverfispáttu eins og straua, næringu, tímgun o.fl.

Svæði 1, við Hvammsós:

64°N 22,4210 64°N 22,3507 64°N 22,3603 64°N 22,4295

21°V 36,5361 21°V 36,5558 21°V 36,3072 21°V 36,3072

Svæði 2, við Hálsnes

64°N 21,5601 64°N 21,5146 64°N 21,5786 64°N 21,6155

21°V 40,6776 21°V 40,6186 21°V 40,2874 21°V 40,3464

Svæði 3, við Galtavíkurdýpi

64°N 19,2954 64°N 19,3130 64°N 19,3215 64°N 19,4295

21°V 46,7451 21°V 46,7287 21°V 46,4437 21°V 46,4830 ... , .

Upphaflega barst umsókn til HeV í ágúst 2021 og var umsækjanda vísað áfram til heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis sem var í leiðbeinandi samskiptum við umsækjanda og benti honum m.a á að minnka ræktunarsvæðin. Eftir að Kjósarhreppur varð eitt af sveitarfélögum sem standa að baki HeV 1. janúar 2022 kom að nýju umsókn til HeV og með breyttum/minnkuðum ræktunarsvæðum eins og sjá má hér að ofan.

Gerið þið athugasemdir við að Heilbrigðiseftirlit Vesturlands gefi út leyfi fyrir frumframleiðslu matvæla með ótímabundnu starfsleyfi vegna ræktunar á beltispara í Hvalfirði undan ströndum Kjósarhrepps. ?

Óskað er umsagna fyrir 1. apríl 2022

Með kveðju

Ása Hólmarsdóttir

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Innrimel 3, 301 Akranes

Símar 4312740, 8981347

Viðhengi

image001.png (5 KB)